



HVERAGERÐISBÆR

Reglur um girðingar, skjólveggi og smáhýsi

dags. 8. maí 2025



LANDFORM



Reglur um girðingar, skjólveggi og lóðarmál í Hveragerði

Uppdrættir

1. Aðaluppdrættir húsa sem lagðir eru fram til samþykktar hjá byggingarfulltrúa skulu gera grein fyrir frágangi lóðar þar sem allar helstu framkvæmdir koma fram s.s. frágangur á lóðarmörkum, girðingar og skjólveggir, steiptir veggir eða umfangsmikil landmótun á lóð.
2. Lóðauppdraáttur skal vera hluti séruppdraáttar sem lagðir eru fram til samþykktar byggingarfulltrúa. Skal gerð og frágangur girðinga og skjólveggja vera í samræmi við reglur þessar.

Girðingar og skjólveggir

3. Hveragerðisbær sem eigandi bæjarlands samþykkir almennt ekki hærri girðingar og skjólveggi en <1,2m> á lóðarmörkum sem snúa að húsagötu, vistgötu eða göngugötu¹ (þetta ákvæði var áður 1m).
4. Hveragerðisbær sem eigandi lands samþykkir almennt ekki hærri girðingar og skjólveggi en <1,5m> á lóðarmörkum sem snúa að opnum svæðum, stígum og safngötum (þetta er nýtt ákvæði).
5. Vegna öryggis gangandi vegfarenda skal gæta sérstaklega að sjónlínunum við innkeyrslur og við umferðarhorn húsagatna og skal lóðarhafi sækja um samþykki fyrir smíði girðingar eða skjólveggs áður en framkvæmdir hefjast á slíkum stöðum. Sjá nánar gr. 14.
6. Æskilegt er að girðingar og skjólveggir sem liggja að opnum svæðum séu á einhverjum hluta brotnar upp með lágum gróðri til að draga úr áhrifum þeirra. Þetta er þó ekki skylda.
7. Hæð girðinga, skjólveggja og stoðveggja miðast við þá hlið sem hæst. Mælt er frá toppi girðingar og að yfirborði lands þeim megin sem landið (yfirborðið) er lægra. Þetta á sérstaklega við ef verið er að brúa hæðarmun á milli lóða, t.d. með stoðvegg.

Efnisval

8. Við efnisval, útlit og hönnun girðinga og skjólveggja er við hæfi að gerð þeirra taki mið af byggingarstíl, efni og útliti húsnaðis sem það er hluti af svo það falli vel að umhverfi sínu.
9. Óheimilt er að nota bárujárn, gler, plast, vírnet eða gaddavír eða álíka efni við gerð girðinga og skjólveggja og ástæða þess fyrst og fremst vegna öryggis, ásýndar og vaxandi vindálags.


Önnur ákvæði

10. Girðingar og skjólveggir skulu ávallt vera í samræmi við gildandi skipulag, byggingarreglugerð og ákvæði þessara reglna. Í deiliskipulagi er heimilt að takmarka notkun girðinga og skjólveggja enn frekar eða rýmka heimildir umfram það sem þessar reglur kveða á um.

¹ Samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélaga skiptast umferðarleiðir í stofn-veg/braut, tengi-veg/braut, safn-götu/braut, húsagötu, vistgötu og göngugötu. Í greinargerð aðalskipulags má kynna sér greinarmun á leiðum.



11. Girðingum og skjólveggjum skal vel viðhaldið og mega ekki valda slysaættu. Ef búnaður er farinn að skemmast, s.s. brotinn eða burðarvirki laskað er lóðarhafa skylt að endurnýja þann hluta eða láta fjarlægja. Byggingarfulltrúi getur farið fram á úrbætur á girðingum og skjólveggjum á kostnað lóðarhafa.
12. Smáhýsi skulu almennt vera á baklóðum húsa þar sem slík mannvirki geta rýrt götumynd og dregið úr yfirsýn lóðar er snýr að götu. Varðandi fjarlægð milli nágranna gilda ákvæði byggingarreglugerðar, gr. 5 í lið g. sem segir að „Ef smáhýsi er nær lóðarmörkum en 3,0 m skal liggja fyrir skriflegt samþykki lóðarhafa þeirrar nágrannalóðar og skal það lagt fram hjá byggingarfulltrúa.“
13. Lóðarhafi lóða við götuhorn skal huga að hindrunum sem liggja að götuhorni. Tryggja skal fulla yfirsýn til aðliggjandi götu. Miða skal við að full yfirsýn sé á 15m kafla innan skurðpunkta (sjá skýringarmynd) þegar horft er á milli þeirra. Frítt sjónsvið skal vera innan þess svæðis þegar litið er í 45° á svæðið innan skurðpunkta.



Skýringarmynd með lið nr. 13, sjá einnig 5. grein.

14. Allar framkvæmdir sem ekki falla að byggingarreglugerð eða byggingarsamþykkt þessari eru háðar samþykki skipulags- og umhverfisnefndar Hveragerðisbæjar og ber að leita samþykkis nefndarinnar áður en framkvæmdir hefjast.

Samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar
þann xx. maí 2025

Pétur G. Markan, bæjarstjóri